

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024	
Sveitarfélag:	Langanesbyggð
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Bakkafjörð og Þórshöfn
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Tekið fyrir 23. fundi sveitastjórnar 14. Desember 2023
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr staflíður svohljóðandi: Stærð fiskiskips er minni er 300 brúttótonn. C. liður orðist svo; Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2023 og greiddu að lágmarki einum einstakling með lögheimili í sveitafélaginu laun í að lágmarki 3 mánuði árið 2023. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Til viðbótar því að útgerð sé skráð í byggðalaginu, teljum við að rétt sé að þeir sem starfi við hana séu sannarlega starfandi í sveitafélaginu og greiði þar fólki laun.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiarís, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafli í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 að frádregnu því aflamarki sem tilkomið er vegna úthlutunar á sértæku aflamarki Byggðastofnunar.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Allur afli sem landaður er í Langanesbyggð hvorri höfn sem er komi til grundvallar úthlutun. Og að aflamarki sem úthlutað er hjá Byggðastofnun komi ekki til viðbótar öðrum afla.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

Langanesbyggð

Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Vegna ártíða bundinni sveifla í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski er farið fram á að heimilt verði að landa afla til vinnslu sem telja á til byggðakvóta innan Langanesbyggðar svo hægt sé að uppfylla kröfur reglugerðarinnar varðandi byggðakvóta á Bakkafirði.
--	--